

Skipulagsstofnun
Matthildur B. Stefánsdóttir
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. júní 2018
2018050036/42-8
TB
tb

Endurbætur á Grafningsvegi og efnistaka við Stangarháls, Grímsnes- og Grafningshreppi, matsskylda

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 22. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort endurbætur á Grafningsvegi, þ.m.t. efnistaka við Stangarháls í Grímsnes- og Grafningshreppi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Samkvæmt upplýsingum um framangreinda framkvæmd mun verða lagt bundið slitlag á um 5 km kafla af í allt 11 km vegi frá afleggjara að Nesjavöllum að bænum Úlfhljótsvatni. Öll framkvæmd við veginn á þessum kafla verður að öllu leiti í núverandi vegstæði. Vegurinn hækkar að jafnaði um 10-20 cm og heildarbreidd vegarins verður um 6,4 m, en er nú um 6-7 m. Umfang rasks utan vegar er áætlað um 3,4 ha en innan þess er núverandi rask. Gert er ráð fyrir að efnisþörf sé um 50.000 m^3 , tekið á um rúmmlega 6.000 m^2 svæði, en efni verður tekið úr námu við Stangarháls sem er á samþykktu aðalskipulagi og einnig er deiliskipulag fyrir námunu fyrir hendi samkvæmt skýrslu Vegagerðarinnar um matsskyldufyrirspurnina.

Náttúrufræðistofnun telur að framagreind framkvæmd við endurbætur á Grafningsvegi muni ekki valda miklum neikvæðum umhverfisáhrifum á náttúru svæðisins eða sérstökum náttúrumuinjum vegna verklegra framkvæmda ef staðið er að þeim eins og þeim er lýst. Þar sem um er að ræða verndarsvæði þarf að gera kröfu um gott eftirlit með framkvæmdinni allan tímann, að mótvægisáðgerðum sé fylgt, og ráða þarf til verksins aðila sem eru kunnir af vönduðum vinnubrögðum svo rask verði sem allra minnst á viðkvæmum svæðum. Ef farið verður í uppræðslu á röskuðum svæðum þarf að tryggja eða ekki séu notaðar framandi tegundir heldur staðargróður. Sá þáttur verksins sem gæti valdið neikvæðum umhverfisáhrifum er mengun. Í matsskyldufyrirspurninni er lýst mótvægisáðgerðum og verklagi, s.s. daglegu eftirliti með olíuleka, sem ætti að öllu eðlilegu að koma í veg fyrir mengunarslys.

Endurbætur á Grafningsvegi eru í fyrirliggjandi vegstæði, efnistaka er úr námu sem þegar er með rekstrarleyfi, mikilvægum jarðminjum verðu ekki raskað auk þess sem náman er á staðfestu aðalskipulagi. Umfang framkvæmdanna er því ekki líklegt til að hafa í för með sér verulega röskun á náttúru svæðisins, þ.m.t. landslagi eða menningarminjum, umfram það sem



nú er. Með hliðsjón af 2. viðauka laga nr. 106/2000 telur Náttúrufræðistofnun ekki líklegt að framangreindar endurbætur á Grafningsvegi séu líklegar til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og því ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin telur að tryggja þurfi í viðeigandi framkvæmdaleyfum og starfsleyfum að farið sé eftir þeim mótvægisaðgerðum sem gert er ráð fyrir af hálfu Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

